DV. FÖSTUDAGUR 22. FEBRUAR1985. 27

Jónsmessunótt. DV-mynd GVA.

kjavíkur frumsýnir:

umurá
lessunótt
aö eigast. Þau flýja út í skóg þar sem álfar og
á ýmsar furöuverur eru á kreiki. Af skógar-
;. ævintýrinu spinnast hinar ólíklegustu flækjur
og misskilningur sem ekki fæst greitt úr fyrr
i. en um þaö bil sem tjaldiö fellur'.
it Helgi Hálfdanarson þýddi leikinn, leikmynd
og búninga gerir Grétar Reynisson. Tónlist er
eftir Jóhann G. Jóhannsson. Söngtextar eftir
I Shakespeare og Karl Ágúst Ulfsson. Leikstjóri
ö er Stef án Baldursson.

alsstaðir:

dirí rauðgrýti
á Alls eru á sýningunni 23 myndir. Þetta er
á fyrsta sýning Páls á höggmyndum en áður
u hefur hann haldið málverkasýningar á ýms-
s. umstöðum hérálandi.

Skúlptúrsýning á Kjarvals-stöðum I
Kristjana Samper opnar á morgun
sýningu á skúlptúr að Kjarvalsstöo-
um. A sýningunni eru 24 verk og eru
23 þeirra unnin i leir og brennd með
mismunandi tækni og eitt verkanna
er steypt i brons. 011 verkln á sýning-
unnl eru unnin á sl. tveim árum og
eru unnin á verkstœðl þvi sem hún
hefur á heimill sinu að Þinghólsbraut
57íKópavogi.

Þetta er fyrsta einkasýning
Kristjönu. Hún stimdaöi nám i Mynd-
listaskólanum i Reykjavík og siðan i
Myndlista- og handiðaskóla Islands
svo og Universlty of Arisona.

Spunasmiðjan
Jasshátíð í Félagsstof nun stúdenta
Lovens (trommur) og Heinz Becker
(trompet).
Dúett — Peter Brötzmann
(saxófónar og klarinett) og Han
Bennink (trommur og slagverk).

Það verður mikil jasshátíö i
Félagsstofnun stúdenta um þessa
helgi eins og fram hefur komið i
fréttum, Þar verða samankomnir
margir af bestu nútímajassleikurum
og munu þeir leika á föstudags- og
laugardagskvbldiö.
Dagskráin bæði kvbldin verður
semhérsegir:
22. febrúarkl. 21.00:

Einleikur — Fred van Hove (píanó).
Kvartett — Peter Kowald (bassi),
Irene Schweizer (pianó), Paul

23.febrúarkl.21.00:

Einleikur — Ulrich Gumpert
(píanó).
Tríó — Alexander von Schlippenbach
(píanó), Evan Parker (saxófónar)
og PaulOvens (trommur).

Einleikur — Irene Schiweizer. Sýning í Djúpinu
i I dag opnaði Pétur Stefánsson
sýningu á 14 teikningum, sem hann
hefur gert á undanförnum mánuðum
i Djúpinu við Hafnarstærti. Sýningin
er opin frá fimmtudegi til sunnu-
dagskvölds frá kl. 19 til 1 eftir mið-
nætti.

Sigfúsarkvöld á Egilsstöðum
og Neskaupstað
Nú um helgina munu þau Sigfús
Halldórsson, Elín Sigurvinsdóttir og
Friðbjörn G. Jónsson halda tvenna
tónleika á Austfjörðum og flytja þar

ljúfustu lögin hans Fúsa. Þau Elín
og Friðbjörn munu ýmist syngja
dúetta eða einsöng hvort i sinu lagi
við undirleik Sigf usar.

Fyrri tónleikarnir verða í Vala-
skjálf á Egilsstöðum, laugardaginn
23. febrúar kl. 17.00, og eru þeir á
vegum tónlistarfélagsins þar. Síðari
tónleikarnir verða i Egilsbúð á
Neskaupstað, sunnudaginn 24.
febrúar kl. 21.00, á vegum menn-
ingarnefndar staðarins.

lika. Góð svefnpokagisting i nágrenni
svæöisins. Fararstjóri Kristján M.
Baldursson. Uppl. og farmiðar á skrif-
stofunni Lækjargötu 6a, simar 14606
og 23732.
Dagsferfl sunnudaginn 24. febrúai
kl. 13, Lœkjarbotnar — Selfjall —

Sandfell.Gönguferð fyrlr alla. Botna-
helllr o.fl. skoöað. Góð útsýnisfell.
Verð 300 kr. frítt f. börn m. fullorðnum.

ÓlafsskarOsvegur - Bláfjöll, skíða-
ganga kl. 10.30 ef færð leyfir. Uppl. i
simsvara 14606.

Þórsmörk I vetrarskrúða, gÓUgleöi
8.—10. mars. Sjáumst, jafnt sumar
semvetur.

FeröafélaglðUtivist.

Opið hús og ferða-
kynning hjé MlR
Opið hús veröur i félagsheimili MlR,
Vatnsstig 10, nk. laugardag, 23. febrú-
ar, kl. 14—16. Veröur þá m.a. skýrt frá
árlegum sovéskum dögum MIR, sem
efnt verður til nú í vor, i lok april og
byrjun mai. Einnig verður ferða-
kynnlng, Kynntlr verða ýmslr mögu-
leikar á ferðalögum til Sovétrikjanna
og innan þeirra en þó einkum sagt frá
hópferð MlR-félaga, sem farin
verður i júlí og ágúst nk. tll Sovétrikj-
anna. Liggur þá lciöin m.a. tll Síberíu
Og austustu héraöa Sovétríkjanna,
Miö-Asíu og aö Svartahafi, auk nokk-
urra daga dvalar i Moskvu.
Aögangur að opnli húsi MlR er öllum
heimilL

Kvikmyndír
Kvikmyndir í MlR
Kvikmyndir veröa að venju sýndar í
félagsheimili MlR, Vatnsstig 10, nk.
sunnudag, 24. febrúar, kl. 16. Sýndar
verða frétta- og fræðslumyndir frá
Sovétrikjunum. Aðgangur ókeypis og
öllum helmill.

Tilkynningar

Foreldrar og annað
áhugafólk um
uppeldismál
Hópur áhugafólks um dagvistunannál
stendur fyrir fundl um dagvistarmál
sunnudaginn 24. febrúar kl. 15 að Hótel
Borg.
Ræðumennveröa:
1. Guðrún Jónsdóttir, borgarfulltrúi.
2. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
alþinglsmaður.
3. Héðinn Emilsson, faðir.
4. Ingibjörg Rafnar, borgarfulltrúi.
5. Salóme Þorkelsdóttlr, alþingism.
Umræður og fyrirspurnir.
Þar sem stutt er i lokaumræðu og af-
greiöslu f rumvarps á Alþingi um átak i
dagvistunarmálum barna hvetjum við
f oreldra og annaö áhugafólk um þessi
mál til aðfjölmenna á fundlnn.

Kvennahúsið,
Hótel Vík

Laugardagskaffi og umræöur kl. 13.
Hundurinn, þjófurinn, fanglnn. Ingl-
björg Hafstað kynnir skilgreiningu
norrænna karla á sjálfum sér.

Kynning i Myndlistar-
skólanum i Reykjavík
A laugardaglnn stendur yfir kynning á
verkum nemenda i teiknldeild frá kl.
14-18 i Myndlistarskólanum i Reykja-
vík, Tryggvagötu 15 (gengið inn frá
Grófinni).

Neskirkja -
starf aldraðra

verður á morgun, laugardag, kl. 15 i
umsjá hverf af élags sjálf stæðismanna i
Nes- Og Melahverfi. Svala Nielsen
syngur einsöng við undlrleik Reynls
Jónassonar og Sigríöur Hanncsdóttir
flytm gamanmál viö undirleik Aage
Lorange.

Fjölskyldusamvera
hjá KFUM og K
Sunnudaginn 24. febrúar býður KFUM
og K í Reykjavik upp á f jblskyldusam-
veru. Þar er eitthvað fyrir alla, unga
og gamla, smáa og stóra. Viö hittumst
á Amtmannsstig 2b, húsiö er oplð frá
kl. 15. Kl. 15.30 veröur fjölskyldu-
keppni í ratleik, kaffi og meölæti
verður á boðstólum fyrir þá sem það
vilja. Kl. 16.30 hefst samverustund
með söng, sögu og mörgu ööru. Sr. Val-
geir Astráðsson talar út fré biblíunni.

Hvað er á seyði
um helgina?

Hraunbúar 60 ára

A afmælisdag Hraunbúa, 22. febrúar,
afmælisdegi Baden Powell, er stofnaði
skátahreyfinguna, munu Skátarnir
f ara I blysf ör i Viðistaöakirkju sem er i
bygglngu ekki langt f rá skátaheimlllnu
Hraunbyrgi. Sóknarpresturinn mun
annast helgistund i fokheldrl kirkj-
unnl, upplýstri af kertum og blysum
skátanna. Síöan verður haldln kvöld-
vaka i Víðistaöaskóla, sem einnig er á
næstu grösum, og flugeldasýning að
hennl loklnnl. Þá hæf ir að skjðta upp 60
flugeldum, einum f yrir hvert ár.
A laugardaglnn, 23. febrúar, verður
veislunni haldiö áf ram og haldiö skáta-
ball sem fjallarekkaflokkurinn „Trail
II"sérum.

Til forna þóttl cngin veisla nema hún
stæði i nokkra daga og svo verftur enn.
Sunnudaginn 24. febrúar verða þvi
veislulok að sinni með síðdegiskaffi-

drykkju í félagsmiðstöð bæjarins. Þar
veröur vinum og velunnurum boðið
ásamt fyrirmönnum bæjarfélagsins og
nærliggjandi sveitarfélaga. En hvað er
skátakaffi án skátanna? Því eru einnig
eldri skátar sem yngri velkomnir og
eöli málsins samkvæmt allir velunnar-
ar félagsins.

Tapað f undíð
Lyklakippa tapaðist
Tapast hefur lyklakippa á leiðinni frá
Glæsibæ að Grensásstöð. Finnandi
vinsamlegast beðinn að hringja i
37974 í hádeginu eða eftir kl. 18.

Hver hefur fundið

gítar og trúðsbúning?
Tapast hefur frá Leiklistarskóla
tslands Gibson bassagítar, í svartri
tösku merktri Alþýðuleikhúsinu og
gulur samfestingur (trúðbúningur) úr
búningasafni skólans. Finnandi vin-
samlegast hafi samband i sima
25020.

Sýningar
Gallerí Gangur
Hallgrímur Helgason sýnir um þessar
mundir í Gallerí Gangi. Sýningin
stendur til mánaöamóta.

Kynning é verkum Rúri
Um þessar mundir stendur yfir
kynning á verkum Rúri (Þuriðar
Fannberg) á Skipulagsstofu
höfuðborgarsvæðisins. Þessi sýning er
liður i kynningu á starf andi listamönn-
um á höfuöborgarsvæöinu og vlöur-
kenning á mikilvægi þeirra við mótun
daglegs umhverf is.
Sýningin er opin á vinnudögum frá kl.
9—12 og 13—17 að Hamraborg 7, Kópa-
vogi.

A

ÞÖRSWCAF E

PÚNIK06EINAR

0G DANSBAND ONNU'

VILHJÁLMS.

• FÖSTUDAGS QG
LAUGARDAGSKVÖLD.

KVOLDVERÐUR KL.

8-10.

HÚSIÐ OPIÐ TIL KL 3.|

I

i

; !

vl NATTURULÆKNINGABUÐIN

LAUGAVEGI25, SÍM110262 OG 10263.